

32. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn í Ármúla 13, föstudagur, 5. september 2025, kl. 08.45-10.15

Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Rannveig Grétarsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 32. fundar 15. ágúst 2025

Samþykkt og undirrituð.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Farið yfir helstu verkefni í gangi og stöðu þeirra. Típlað á stóru málunum s.s. nýjum samningi við sveitarfélögin og nýjum aðildarfélögum. Góð skráning er á Ferðamálaþing og Höfuðgledi. Öll verkefni í farvegi nema breytt áhersla varðandi sjálfbærni og loftslagsmál sbr. næsta lið í dagskrá. Staða nýrrar markaðsáherslu kynnt og var ánægja með þróunina á áherslunni.

3. Faghópur um sjálfbærni

Samþykkt að setja á fót faghóp um sjálfbærni sem hefur það að markmiði að finna leiðir til þess að efla sjálfbærni áfangastaðarins og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Áhersla m.a. á hvernig getur áfangastaðurinn náð enn betri árangri í GDS sjálfbærnivísinum, hvaða aðgerðir eru bestar til þess að ná markmiðum loftslagsborgarsamnings og hvernig geta fyrirtækið unnið saman og/eða hvatt önnur fyrirtæki sem eru ekki komin í sjálfbærni vegferð til þess að taka fyrstu skrefin.

4. Tölur um áfangastaðinn

Margrét Wendt verkefnisstjóri hjá Markaðsstofunni fór yfir helstu tölur um Ísland og höfuðborgarsvæðið og hvar við stöndum. Í framhaldi af þessari samantekt verður haldinn fundur fyrir aðildarfélaga þar sem þessi samantekt verður kynnt til gagns.

5. Önnur mál

Fráfarandi stjórnarmönnum þakkað gott samstarf síðastliðin ár en þetta var síðasti stjórnarfundur þeirra fyrir aðalfund.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.15.